



6. júní 2022

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 690. mál á 152. löggjafarþingi

Hækkun lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.)

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að svokölluð "tilgreind séreign" verði lögfest líkt og ráða má af I. kafla frumvarpsins. Hagsmunasamtök heimilanna gera að svo stöddu ekki sérstakar athugasemdir við þann kafla frumvarpsins, með þeim fyrirvara að umsagnarfrestur var tiltölulega stuttur.

Samtökin beina fremur sjónum að II. kafla frumvarpsins sem snýr að stuðningi til öflunar húsnæðis. Þar er m.a. lagt til að tekin verði skref í þá átt að veita þeim sem hafa verið utan húsnæðismarkaðar í tiltekinn árafjölda, sambærilega stöðu við þau sem eru núna að kaupa fyrstu íbúð, gagnvart þeim stuðningsúrræðum sem stjórnvöld bjóða upp á. Samtökin styðja almennt slík skref.

Langra þyrfti þó að ganga til að jafna stöðu allra sem vilja komast í eigið húsnæði, hvort sem er um að ræða fólk sem er að koma nýtt inn á húsnæðismarkaðinn, fólk sem hefur dottið út af markaðnum og vill komast aftur inn á hann eða fólk sem er fast í viðjum íþyngjandi húsnæðiskostnaðar.

Margt í II. kafla frumvarpsins er nánast sama efnis og þær tillögur sem komu fram í frumvarpi á þskj. 74. sem var mælt fyrir 24. febrúar sl. Það sem munar þar helst á er hvort miða skuli við fimm ár eða þrjú ár utan húsnæðismarkaðar til að eiga rétt á því að nýta sér þau úrræði sem um ræðir.

Samtökin eru fylgjandi því að miðað sé við þrjú ár fremur en fimm og hvetja til þess að sambærileg breyting verði gerð á skilyrðum hlutdeildarlána þannig að þau standi einnig til boða þeim sem hafa ekki átt húsnæði í þrjú ár. Fleira þarf þó að koma til sem ekki er tekið á í ofangreindu frumvarpi.

Í fyrsta lagi þarf að breyta reglum um hámark veðsetningarhlutfalls og greiðslubyrði samkvæmt 25. gr. og 27. gr. laga um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016, svo að rýmri skilyrði fyrstu kaupenda nái einnig til þeirra sem hafa ekki átt húsnæði í þrjú ár (eða eftir atvikum fimm). Í öðru lagi þarf að setja og eftir atvikum endurskoða reglur um greiðslumat og lánshæfismat í því skyni að eldgömul og jafnvel fyrnd skuldamál þurfi ekki að standa í vegi fyrir fjármögnun húsnæðisкупа umræddra hópa.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is